

Lög

um breytingu á lögum um landmælingar og grunnkortagerð, nr. 103/2006, með síðari breytingum (landupplýsingagrunnur og gjaldfrelsi landupplýsinga).

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist eftirfarandi orðskýring í rétttri stafrófsröð, svohljóðandi:

Stjórnvöld:

- a. Öll stjórnvöld sem falla undir gildissvið upplýsingalaga.
- b. Lögðili sem hefur verið falið opinbert hlutverk eða veitir almenningi opinbera þjónustu sem varðar umhverfið á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða sammings við stjórnvöld sem falla undir a-lið.
- c. Lögðili sem gegnir opinberu hlutverki eða veitir opinbera þjónustu sem varðar umhverfið og lýtur stjórn þeirra stjórnvalda sem falla undir a-lið. Lögðili er talinn lúta opinberri stjórn í þessum skilningi þegar stjórnvöld skv. a-lið tilnefna meira en helming stjórnarmanna í stjórn lögðilans eða hafa á annan hátt virk yfirráð yfir honum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Orðin „í mælikvarðanum 1:50.000 og miðlun þeirra í minni mælikvarða“ í 4. tölul. falla brott.
- b. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Gerð, viðhald og miðlun stafrænna landupplýsingagrunna í samráði við viðeigandi stjórnvöld.

3. gr.

1. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 31. maí 2017.